

Mánudaginn hinn 7. janúarmán 1907.

Nr. 43/1906:

Réttvísinn  
gegn  
Sveini Ásmundssyni.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 17. okt. f. á. var hinn ákærði Sveinn Ásmundsson dæmdur fyrir þjófnað til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3 daga og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, cand. phil. Sigurðar Jónssonar.

Þessum dómi hefir að beiðni hins ákærða verið áfrýjað til landsyfirrettarins.

Málsatvik eru eftir framburði ákærða og öðrum skýrslum, sem fengnar eru í málinu, þessi:

Ákærði, sem í sumar sem leið vann að vegagjörð á Breiðdalsheiði, kom 13. sept. f. á. í Ísafjarðarkaupstað, og komst þá ásamt samverkamanni sínum í tæri við Möller rakara og fleiri, og varð talsvert drukkinn; sama dag kom hann ásamt fleiri mönnum inn í íbúðarherbergi Möllers og lék félagi hans þar á harmoniku. Eftir að þeir voru farnir þaðan, brá ákærði sér aftur þangað til þess að sækja harmoniku félaga síns, sem hafði orðið

eftir í herbergi Möllers. Þegar hann kom þangað var herbergið læst, en lykillinn að því hékk á nagla fyrir framan það; hann tók lykilinn og lauk upp hurðinni. Þegar hann var kominn inn í herbergið, sá hann þar lítinn kassa; hann hafði hönd á honum og hristi hann og varð þá þess var, að peningar hringluðu í honum; tók hann þá kassann og hafði á burt með sér, en hætti við að taka harmonikuna. Hann læsti aftur herberginu og hengdi lykilinn á sinn stað. Fór ákærði svo með kassann undir túngarð og braut hann þar með fætinum og stakk á sig því sem í honum var, og voru það ýms óverðmæt skjöl og rúmar 6 kr. í danskri mynt og rúmar 3 kr. í útlendri mynt. Skjölunum og nokkru af útlendu myntinni hefir hann skilað.

Eigandinn, Möller, hefir ekki krafist neins endurgjalds í þessu máli.

Ákærði, sem er 23 ára að aldri og eigi hefir áður sætt refsingu fyrir nokkurn glæp, var talsvert drukkinn, er hann framdi brot sitt, og þó að það væri eigi svo mjög, að hann hefði eigi meðvitund um hvað hann aðhafðist, verður þó að álíta, að það ástand hans hafi haft veruleg ábrif á sjálfræði hans og sakhæfi, sem annars er borið gott orð.

Afbrot ákærða á undir 230. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 40. gr. þeirra, og þykir hegning sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Yfirdómurinn felst á ákvæði héraðsdómsins um málskostnað og ber því að svo miklu leyti að staðfesta hann.

Svo ber ákærða og að greiða allan af áfryjun málsins

leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Akærði Sveinn Ásmundsson á að sæta 8 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. Um málskostnað í héraði á undirréttardómurinn að vera óraskaður. Svo ber akærða og að greiða allan áfryjunarkostnað málsins, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. janúarmán.

Nr. 31/1906:

Þorsteinn Jónsson kaupmaður  
gegn

Einari presti Þórðarsyni  
fyrir hönd Egils Árnasonar.

D ó m u r:

Í máli þessu sótti hinn stefndi Einar prestur Þórðarson sem umboðsmaður fyrir Egil Árnason, sem fluttist